

Samstarfssamningur Tröllaborgar og Grunnskólans austan Vatna

Samstarf milli leikskólans og grunnskólans er endurskoðað í upphafi hvers skólaárs.

Í aðalnámskrá beggja skólastiga segir að tengsl leikskóla og grunnskóla sé samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli. Kennarar á báðum skólastigum eiga að kynna sér nám og starfsaðferðir hver annars, leita leiða til að móta samstarf og skapa samfellu í námi barna í því augnamiði að auka sjálfstraust barna og styðja við nám þeirra.

Til þess að tryggja að svo verði þurfa leikskólar og grunnskólar að vinna áætlun sem felur í sér sameiginlegar áherslur beggja skólastiga samkvæmt aðalnámskrá. Þar þarf að gera grein fyrir markmiðum, fyrirkomulagi og uppbyggingu samstarfs sem og ákvarðanir um verkferla og ábyrgð á framkvæmdinni. Birta skal slíka áætlun í skólanámskrá á báðum skólastigum (Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 34 og Aðalnámskrá grunnskóla 2011, bls. 75).

Markmiðið með samstarfi milli skólastigana er að:

- Skapa samfellu í skólagöngu barna frá leikskóla til grunnskóla þannig að markvisst framhald sé á kennslu og námi barnsins á milli skólastiga.
- Minnka bilið á milli skólastiga og auðvelda börnum að hefja nám á nýju skólastigi.

Leiðir

- Samskipti og samvinna í námi og kennslu.
- Samráðsfundir við skólaskipti.
- Samráðsfundir að hausti.
- Sameiginlegir viðburðir.
- Skólaaðlögun milli skólastiga.

Ávinningur

- Leikskólabörnin læra að þekkja húsnaði grunnskólans.
- Leikskólabörnin hafa kynnst kennurum grunnskólans.
- Leikskólabörnin hafa kynnst nemendum grunnskólans.
- Þessi samskipti auðvelda leikskólabörnum að byrja í grunnskólanum.
- Grunnskólabörnin halda tengingu við kennara og nemendur leikskólans.

- Félagsleg tengsl skapast milli ólíkra aldurshópa.
- Samskipti kennara beggja skólastiga aukast og þar með skilningur á því starfi sem fram fer á hvoru skólastigi fyrir sig.

Skólaaðlögun og samstarf

Skólaaðlögun á við þegar leikskólabörnum er boðið að taka þátt í skipulögðu starfi innan grunnskólans með það að markmiðið að minnka bilið á milli skólastiga og skapa samfellu.

Samstarf felur sér bæði skólaaðlögun og samstarf. Samstarf á við þegar börnum leikskólans eða grunnskólans er boðið á aðra hvora starfstöðina á ýmsa viðburði.

Sjá má ítarlegri umfjöllun um skólaaðlögun og samstarf [hér](#).

Skilafundir við skólaskipti

Haldinn er skilafundur í upphafi skólaárs þar sem gerð er grein fyrir stöðu hvers nemenda áður en grunnskólagangan hefst. Samkvæmt 16. gr. laga um leikskóla er skylt að láta þær persónuupplýsingar sem fyrir liggja og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun nemandans í grunnskóla, fylgja á milli skólastiga. Skólastjórar eru ábyrgir fyrir því að til fundanna sé boðað. Fundinn sitja deildarstjórar leikskólans, umsjónarkennari og verkefnastjóri stoðþjónustu. Skólastjórar hafa rétt til setu á fundinum.

Fyrir fundinn liggja eftirfarandi gögn:

- Skólabró milli skólastiga.
- Niðurstöður úr Hljóm-2.
- Niðurstöður greininga, ef við á.
- Aðrir matslistar, ef við á.

Skipulagsfundur að hausti

Haldinn er samráðsfundur að hausti þar sem farið er yfir samstarfið og heimsóknir skipulagðar á milli skólastiga. Skólastjórar bera ábyrgð á að boða til skipulagsfunda.

Uppfært 27. ágúst 2025